



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
b/t bæjarráðs
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 31. ágúst 2016

1605142 AÓ/SA

Efni: Viðauki nr. 2 við fjárhagsáætlun árið 2016, tímabilið maí til og með júlí 2016.

Í fylgiskjölum sem fylgja bréfi þessi eru gerðar tillögur að viðauka nr. 2 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Tillögurnar byggja m.a. á samþykktum bæjarstjórnar og bæjarráðs á tímabilinu 1. maí til og með 31. júlí 2016.

Í skjölunum eru tillögur að millifærslum (innri færslur o.fl.) frá deildarstjóra bókhaldsdeildar og tillaga um hærri vaxtatekjur. Einnig er leiðrétting á endurskoðaðri launaáætlun vegna menningarmála (menningarmál og Byggðasafn) frá því fyrr í sumar vegna kjarasamninga.

Stærstur hluti áðurnefndra færslna hefur ekki útgjalda- og/eða tekjuáhrif, ef frá er skilið að leiðrétt launaáætlun hækkaði um 6,5 mkr. og var því mætt með hækkun vaxtatekna 4,5 mkr. og auknum leigutekjum um 2,0 mkr.

Helstu tillögur að breytingum:

- Arður af eignum (vsk-eignir) hækkar um 18,4 mkr. og á móti hækkar húsaleiga um 16,7 mkr.
- Launaáætlun hækkar um 17,4 mkr., þar af er leiðrétting launa um 6,5 mkr.
- Endurgreiðslur hækka um 4,9 mkr., vegna launa í námsleyfi.
- Þjónustu og orkukaup hækka um 10,2 mkr.



Akraneskaupstaður

- Vaxtatekjur hækka um 4,5 mkr.
- Fjárfestingaáætlun hækkar um 2 mkr., vegna kaupa á leiktækjum á tjaldsvæði.
- Handbært fé lækkar um 2 mkr. til að mæta fjárfestingum.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi gagna.

Virðingarfyllst,

Steinar Adolffson,
sviðsstjóri

Andrés Ólafsson,
fjármálastjóri

Meðfylgjandi:

Viðauki 2

- sundurliðun, tímabilið maí til og með júlí 2016.
- breytingar á rekstri – sjóðstreymi – efnahag, fyrir aðalsjóð, eignasjóð, fasteignafélag, Byggðasafn, Gámu, A- hluta og A- og B- hluta.
- breytingar á málaflokkum og fjárfestingu.